

## FUNDARGERÐ STJÓRNAR

407. fundur

Stjórnarfundur SORPU bs. (kt. 510588-1189) haldinn á skrifstofu byggðasamlagsins, Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík þann 29.04.2019, kl.12:00.

Fundarstjóri: Birkir Jón Jónsson stjórnarformaður

Mættir:

Birkir Jón Jónsson, Kristín Soffía Jónsdóttir, Kristinn Andersen, Bjarni Torfi Álfþórsson, Jóna Sæmundsdóttir og Bjarki Bjarnason. Líf Magneudóttir, Kolbrún Þorsteinsdóttir og Ágúst Bjarni Garðarsson boðuðu forföll. Björn H. Halldórsson framkvæmdastjóri, Bjarni Hjarðar yfirverkfræðingur og Guðrún Eva Jóhannesdóttir skrifstofustjóri.

Tekið fyrir:

**1. Grænt bókhald SORPU bs. árið 2018**

Framkvæmdastjóri fer yfir og kynnir grænt bókhald SORPU bs. fyrir árið 2018 en Grant Thornton endurskoðar bókhaldið. Málið rætt. Stjórn staðfestir grænt bókhald SORPU og undirritar.

**2. Bréf Reykjavíkurborgar – ósk um morgunopnun á Sævarhöfða.**

Lagt fram bréf Reykjavíkurborgar, dagsett 17. apríl 2019 þar sem óskað er eftir því að endurvinnslustöðin að Sævarhöfða verði opin á morgnana virka daga og helgar. Kynnt minnisblað rekstrarstjóra endurvinnslustöðvanna um kostnaðaráhrif slíkrar opunar. Málið rætt. Framkvæmdastjóra falið að uppfæra minnisblað rekstrarstjóra miðað við ósk Reykjavíkurborgar. Frestað til næsta fundar.

**Næsti fundur**

Næstu fundir ákveðnir þann 29. maí kl. 07:30 og 26. júní kl. 07:30

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan: 13:00

Fundarritari: Guðrún Eva Jóhannesdóttir